



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Lundur

2025– 2026






Efnisyfirlit

1	Leiðarljós Lundar	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	4
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	6
4	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026	9
5	Innra mat xxx deildar/deilda 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs)	12
6	Umbótaáætlun 2024-2025	13
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og: frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans. Á ekki við	14
8	Foreldrasamvinna	15
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal (sjá fylgiskjöl 9.2)	15
10	Fylgiskjöl	15
10.1	Umsögn foreldraráðs -berst í okt/nóv 2025	15
10.2	Skipulagsdagar og Leikskóladagatal	15



1 Leiðarljós Lundar



Leiðarljós

Í Lundi sitja allir við sama borð. Við sýnum börnunum virðingu, hvort öðru, foreldrum og öðrum aðstandendum barnanna, gestum og gangandi, sömu virðingu og velvilja, óháð kyni, kynhneigð, trú, uppruna, þjóðerni, stjórnmálaskoðunum, heilsufari, fötlun og aldri.

Einkunnarorð:

Virðing Í Lundi er ávallt haft að leiðarljósi að fólk komi fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Frá fyrsta degi er lögð áhersla á að hver einstaklingur fái jákvæða og góða sjálfsmynd þegar hann speglar sig í framkomu starfsfólksins og hinna barnanna.

Væntumþykja Andlegt öryggi barnanna í Lundi er ekki síður mikilvægt en líkamleg umhirða þeirra. Þarfir barnanna eru því í fyrirrúmi og starfsfólkið er ætíð tilbúið til þess að sinna þeim. Þetta gerir starfsfólk Lundar af þeirri væntumþykju og alúð sem þarf til að börnin finni alla þá elsku sem þau þarfnast hverju sinni.

Velliðan Sé fyrrnefndum þörfum barnanna fullnægt leiðir það af sér virka og örugga einstaklinga sem eru tilbúnir til þess að rannsaka og tileinka sér allt á milli himins og jarðar

2 Greinargerð leikskólastjóra

Eins og allir vita fer starfsandi sérhvers vinnustaðar eftir því hvern mann hver og einn hefur að geyma. Í gegnum tíðina hefur verið framúrskarandi starfsfólk í Lundi. Stöku sinnum hefur þó verið veðjað á rangan hest og þá hafa leiðir skilið á farsælan hátt, samkvæmt bestu vitund undirritaðrar. Þegar fólk ráðið til starfa í Lund er farið mjög ítarlega í mikilvægi góðs starfsanda og á hverju mikilvægið byggir.

Stöku sinnum ræður fólk sig til starfa sem í orði kveðnu er sammála öllu sem leikskólastjórinn segir um mikilvægi starfsandans. Þegar á hólminn er komið er þó eins og þessar samræður hafi aldrei átt sér stað.

Í nóvember síðastliðnum brá svo við að einstaklingur sem ráðinn hafði verið til starfa virtist þrátt fyrir yfirlýsingar þar um, í ráðningaviðtali, ekki geta eða vilja virða þetta samkomulag sem gert var. Þessi einstaklingur vann beint og óbeint gegn þeirri hugmynda- og aðferðafræði sem starfið í Lundi byggir á og hefur reynst farsælt. Það lá ljóst fyrir að viðkomandi passaði ekki í starfsmannahópinn og stóð því ekki lengur til boða að starfa í Lundi. Það er ábyrgð og hlutverk hvers og eins stjórnanda að passa þennan þátt í daglegu leikskólahaldi og aldrei sofna þar á verðinum. Starfsandinn er forsenda þess að þar fari fram farsælt starf þar sem fullorðnu fólk og börnunum líður vel frá degi til dags. Foreldrum þarf líka að líða vel með að skilja barnið sitt eftir þegar þeir halda til annarra verkefna. Afleiðingar þessara ráðningarmistaka urðu þær að inn á borð SFS bárust kvartanir sem urðu þess valdandi að farsælu leikskólastarfi í Lundi til 23ja ára var í nóvember síðastliðnum hleypt í uppnám.

Öll þessi ár hafði aldrei neitt ógnað starfseminni á einn eða annan hátt sem ekki var hægt að ráða bót á án þess að skaða starfsemi leikskólans og eða orðspor hans. Nú bar nýrra við og í framhaldinu áttu sér stað tíðar eftirlitsferðir frá Skóla- og frístundasviði, sem í sjálfu sér eru og voru eðlilegar en samfara þeim og öllu þessu skapaðist mikið áreiti inni í leikskólanum á öllum tímum dags. Atburðarásin sem nú fór í hönd var undirritaðri og öðrum sem tengdust Lundi illskiljanleg, þótt ekki væri nema í ljósi árlegra farsælla samskipta við SFS og heimsókna þeirra í Lund síðastliðin 23 ár sem aldrei bar skugga á. Í allri þessari orrahríð fór þó smá saman að renna upp ljós fyrir undirritaðri og púslin fóru að raðast saman í sambandi við þessar ásanir, hvaðan þær komu og hvað fólk gekk til. Þá fyrst fór ýmislegt að skýrast og málin smátt og smátt að leysast.

Fátt er svo með öllu illt og af allri reynslu má draga lærdóm, líka neikvæðri. Til þess að svo megi verða má þó aldrei missa sjónar á sínum grundvallargildum sem eru meðal annars að standa með sjálfum sér, aldrei efast um fyrir hvað maður stendur og af hverju, hversu óréttlát sem umræðan og sjónarmið annarra kunna að vera. Allri neikvæðri reynslu er hægt að snúa á jákvæðan hátt með það að leiðarljósi að gera betur í dag en í gær með hagsmuni þeirra í huga sem málið varðar.



Þegar upp er staðið kemur enginn mannlegur máttur í veg fyrir stór orð og slæma hegðun frá öðrum. Þar er hver og einn sinnar gæfu smiður en við hin sem kjósum að nota ekki stór orð um aðra, látum samt í okkur heyra á málefnalegan hátt, án þess að hafa þörf fyrir að eyðileggja orðspor annara og eða fótumtroða. Sá hópur kemur ætíð sterkari og sáttari frá borði. Það er góð regla að hafa alltaf á bakvið eyrað orðatiltækið

– Aðgát skal höfð í nærveru sálar –

Í tíðum eftirlitsferðum SFS síðastliðið leikskólaár ásamt nokkrum fundum í Borgartúni, fór það aldrei svo að ekki kæmi margt gott út úr því fyrir leikskólann Lund. Má þar nefna meðal annars betri nýtingu innan dyra leikskólans með ýmis birtingarform leiksins í huga en um leið með þroska og getu barnanna að leiðarljósi. Útkoman í Lundi; allir glaðir og sáttir með þetta fyrirkomulag.

Það hefur verið og verður alltaf gott og hvetjandi að fá utanaðkomandi heimsóknir í Lund og það fer alltaf vel á því að fá leiðbeiningar og hvatningu frá fagaðilum því ber alltaf að fagna – en áhlaup og niðurrif skilar sér aldrei til góðs.

Með nýju leikskólaári 2025 til 2026 er horft til þess að þeirri ró og þeim vinnufriði sem ríkt hefur í Lundi síðustu 23 ár og er þeim sem þar dvelja frá degi til dags nauðsynlegur, sé ekki lengur ógnað.

Núverandi starfsfólk í Lundi hefur staðið sig með eindæmum vel þrátt fyrir ringulreið síðustu mánaða. Það hefur náð dag hvern að einbeita sér að velferð barnanna og látið utanaðkomandi ágjöf engu stjórna þar um.

Fyrir það ber að þakka.

Foreldrar í Lundi hafa umvafið allt og alla með væntumþykju og hlýju.

Fyrir það ber að þakka.

Foreldraráð Lunda, hefur staðið eins og klettur með leikskólanum en aldrei misst sjónar af því sem öllu máli skiptir velferð barnanna í Lundi.

Fyrir það ber að þakka.

Í lok hvers leikskólaárs er það mikil gæfa hvers leikskóla og starfsfólks hans að geta með stolti horft um öxl og sagt: Hér eru og voru hamingjusöm börn sem öll komust heil heim að kvöldi dags, döfnuðu og þroskuðust, sátt og sæl við allt og alla.

Í Lundi er talað um að börnin sem eru að kveðja séu orðin fleyg. Á þessu leikskólaári eru það nemendur fæddir 2022 og 2023 sem kveðja í Lundi og takast á við næsta leikskólastig í öðrum leikskóla. Það er bæði með þakklæti og eftirsjá sem starfsfólkið í Lundi kveður þá og foreldra þeirra. Nú tekur við leikskólaárið 2025 til 2026 með nýjum meisturum sem fæddir eru 2024 og 2025 ásamt foreldrum þeirra og stórfjölskyldu. Þessi börn munu líka njóta alúðarinnar sem huggar þau, bætir og kætir í fjarveru foreldranna og furðu fljótt opnast augu þeirra fyrir óteljandi möguleikum leikskólalífsins.





3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Ágreiningsmál í daglegum samskiptum barnanna:

Í daglegum samskiptum nemanna í Lundi koma eðlilega upp ágreiningsmál. Hver á að hafa þetta leikfang og hvernig er hægt að dreifa huganum þegar maður fær ekki það sem manni finnst maður hafa rétt á í það skiptið. Er réttur hinna barnanna jafnhár manns eigin. Þetta er flókið að skilja og kannski skilst það ekki heldur er galdurinn að þau læri að sætta sig við ástandið þótt þau skilji ekki reglurnar. Ákveðið var að vinna að því að hjálpa þeim með vinnu í hópastarfi.

Hópastarf

- **Vægi biðlundar.** Leggja inn hjá börnunum undanfara þess að skiptast og bíða með það að markmiði að þau verði betur undirbúin fyrir næsta skólastig.
- **Þolinmæði.** Auka þolinmæði barnanna og kenna þeim að taka á deilumálum vegna leikfanga. Grípa inn í deilurnar og kenna þeim valkostina sem þau hafa, að bíða, að skiptast eða velja eitthvað annað leikfang.
- **Útivera útinám.** Kenna börnunum að tengja klæðnað við veðurfar.

Styrkleikar: Börnum er sýnt að það er eðlilegt að hlutir gerist ekki um leið og þau óska sér þess. Þau geta lært að það eru fleiri valkostir í stöðunni en virðist í fyrstu.

Veikleikar: Þroskamunur barna er mikill á þessu aldurs skeiði og þau skilja ekki það sem fyrir þeim er haft þau herma bara eftir.

Tækifæri til umbóta: Leggja áherslu á og auka þátt sýnikennslu starfsfólks fyrir börnin.

Jafnrétti:

Í Lundi er jafnrétti stöðugt lifandi í umræðunni á meðal barnanna, á milli barna og starfsmanna og á meðal starfsmanna með vísan í námskrá Lundar.

Öryggismál: Öryggi barnanna í Lundi er ætíð í hávegum haft í samræmi við Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólanum, (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014) öryggishandbækur leikskólans og Námskrá Lundar. Annað hvert ár kemur forvarnarfulltrúi og heldur námskeið fyrir starfsfólkið.





Innra mat

Hvað var metið?	Ágreiningsmál í samskiptum barnanna .Vægi biðlunda
Hvernig fór matið fram?	Verkefnið var rætt á starfsdögum og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Fagteymi og annað starfsfólk. Börnin með viðbrögðum sínum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Samskiptin batna en ástæðan er að okkar mati fyrst og fremst vegna þess að það eru skýrar reglur sem börnin fara eftir. 1-2ja ára börn hafa ekki náð þeim þroska að skilja af hverju þau ættu að þurfa að bíða. Hinsvegar geta þau lært að bíða sem er þá spurning um að fara eftir fyrirmælum án þess að skilja af hverju. Leggja meiri áherslu á sýnikennslu starfsfólksins í þeirri vinnu sem framundan er. Áætlað var að verkefnið yrði endurmetið í febrúar sl en í ljósi aðstæðna framlengist það til okt. 2026

Hvað var metið?	Ágreiningsmál í samskiptum barnanna. Þolinmæði
Hvernig fór matið fram?	Verkefnið var rætt á starfsdögum og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Fagteymi og annað starfsfólk. Börnin með viðbrögðum sínum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Samskiptin batna en ástæðan er að okkar mati fyrst og fremst vegna þess að það eru reglur og þær eru skýrar. 1-2ja ára börn hafa ekki náð þeim þroska að skilja af hverju þau eru ekki miðdepill alheimsins og fá ekki vilja sinn í einu og öllu um leið og þau láta hann í ljós. Hinsvegar geta þau lært að fara eftir fyrirmælum án þess að skilja af hverju þau eru eins og þau eru. Tækifæri til umbóta væri að: Leggja meiri áherslu á sýnikennslu starfsfólksins í þeirri vinnu sem framundan er. Áætlað var að verkefnið yrði endurmetið í febrúar sl. en í ljósi aðstæðna framlengist það til jan. 2027.

Hvað var metið?	Útinám barnanna.Veðurfar, klæðnaður
Hvernig fór matið fram?	Verkefnið var rætt á starfsdögum og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Fagteymi og annað starfsfólk. Börnin með viðbrögðum sínum.
Helstu niðurstöður mats	1-2ja ára börn hafa ekki náð þeim þroska að tengja saman veðurfar og klæðnað. Smá saman átta þau sig á því að það eru tengsl. Í Lundi höfum við lært að það hjálpar og er skemmtilegra að persónugera náttúruöflin, sólin og rigningin gera kröfur á börnin um sérstakan klæðnað. Tækifæri til umbóta: Leggja meiri áherslu á sýnikennslu starfsfólksins í þeirri vinnu sem framundan er. Áætlað var að verkefnið yrði endurmetið í febrúar sl. en í ljósi aðstæðna framlengist það til nóv. 2026.





Ytra mat

Hvað var metið?	Faglegt starf, húsnæði og húsbúnaður Lundar.
Hvernig fór matið fram?	Árlegt reglubundið eftirlit SFS til síðastliðinna 23 ára (venjulega framkv. í nóvember/desember ár hvert) fór ekki fram. Hinsvegar komu fulltrúar SFS í tíðar og óvæntar eftirlitsferðir frá því í nóvember sl. vegna athugasemda sem þeim hafði borist frá utanaðkomandi aðilum sem allflestar ef ekki nánast allar áttu sér engan veginn stoð í raunveruleikanum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Þeir aðilar sem sendu inn athugasemdir til SFS, Fulltrúar SFS, starfsfólk leikskólans Foreldraráð Lundar og fjölmennur fundur með foreldrum í Borgartúni.
Helstu niðurstöður mats	Þrátt fyrir árlegar og athugasemdalaugar heimsóknir fulltrúa SFS síðastliðin 23 ár þá brá svo við að frá nóvember sl. var nánast öll aðferðafræði ásamt faglegu starfi, aðgengi barnanna að leikfni og nánast öllum aðbúnað, (td. leikföng stólar með beislum fyrir börnin) var á engan hátt í lagi. Styrkleikar fundust fáir að sögn þeirra og neikvæðar athugasemdir voru of margar til þess að skrifa þær allar hér. Ýmsar góðar ábendingar bárust sem m.a vörðuðu betri nýtingu húsnæðisins og hafa reynst vel. Þar má nefna að útbúin hafa verið svæði fyrir ýmis birtingarform leiksins. Eldri börnin hafa lært að sitja á fyrirfram ákveðnum svæðum á gólfinu og hlusta án þess að vera í stólum sem er mjög góður undirbúningur fyrir næsta leikskólastig.

Hvað var metið?	Húsnæði Leikskólans Lundar og útidvæði.
Hvernig fór matið fram?	Fulltrúar Heilbrigðiseftirlits komu í reglubundið eftirlit.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Leikskólastjóri fylgdi þeim um húsið og svaraði spurningum þeirra.
Helstu niðurstöður mats	Setja þurfti þröskuld á milli eldhúss og matsalar. LOKIÐ Setja þurfti pumpu fyrir handsápu LOKIÐ og spritt við handlaug í eldhúsi. LOKIÐ Endurnýja þurfti kjötmæli. LOKIÐ

Hvað var metið?	Húsnæði Leikskólans Lundar
Hvernig fór matið fram?	Eldvarnareftirlitið kom í reglubundið eftirlit.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Fulltrúar eldvarnareftirlitsins.
Helstu niðurstöður mats	Engar athugasemdir voru gerðar.





4 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samskipti og hvatning
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stjórnendur láti sér annt um velferð starfsmanna leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnandi temji sér umburðarlyndi í garð starfsfólks og hvers annars um leið og þeir hvetja það til góðra verka.
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og væntanlega lokið í okt. 26
Hvenær og hvernig á að meta?	Í starfsþróunarviðtölum, starfsdögum og á starfsmannafundum. Stuðst verður við Viðmið og vísbendingar SFS.
Viðmið um árangur-	Allir eru sáttir við sitt framlag og hvers og eins í leikskólanum.

Stjórnun-	
Umbótaþáttur	Samskipti/Hvatning
Tækifæri til umbóta	Réttlátar vinnureglur
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendur hvetja til opinna og heiðarlegra samræðna á fundum. Þeir hvetja allt starfsfólk til þess að tjá sig um útfærslu daglegs/faglegs starfs og hvort það gangi á skjön við Námskrá Lundar.
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Verkið er hafið og því verður lokið í nóvember 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Í starfsþróunarviðtölum og á starfsdögum og starfsmannafundum. Stuðst verður við Viðmið og vísbendingar SFS.
Viðmið um árangur-	Starfsfólk er sátt við vinnureglurnar.





Uppeldis og menntastarf

Umbótaþáttur	Uppeldisfræðilegar skráningar
Tækifæri til umbóta	Gera styrkleika getu og áhuga barnanna sýnilegri starfsfólki og foreldrum.
Aðgerðir til umbóta-	Fræðsla um uppeldislegar skráningar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og væntanlega lokið í febrúar. 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Með öflun gagna og umræðu um verk og vinnslu skráninga.
Viðmið um árangur	Starfsfólki og foreldrum finnst það þekkja barnið betur.

Menning

Umbótaþáttur/matsþáttur	Upplifun
Tækifæri til umbóta	Aukið menningarlíf í Lundi
Aðgerðir til umbóta	Hreyfing og dans
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og lýkur í janúar 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á starfsdögum og starfsmannafundum. Viðmið og vísbendingar SFS
Viðmið um árangur-	Enn meiri gleði, áhugi og virkni barna og fullorðinna í Lundi.

Mannauður

Umbótaþáttur/matsþáttur	Hlutverk leikskólakennara.
Tækifæri til umbóta	Að leiksskólakennarar og aðrir kennarar miðli starfsmönnum af faglegri þekkingu sinni með áherslu á þemu leikskólans.
Aðgerðir til umbóta	Faglegri vinna starfsfólks í daglegu starfi með vísan til þemu leikskólans.
Ábyrgð	Fagteymi leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og er alltaf í gangi.
Hvenær og hvernig á að meta?	Með Aðalnámskrá leikskóla, Námskrá Lundar, með símati og Viðmiði og vísbendingum SFS
Viðmið um árangur	Samvinna og samábyrgð einkennir liðsandann. Starfsfólkið ræðir starfshætti sína, deilir þekkingu sinni, veitir leiðsögn og styður hvert annað.





Leikskólabragur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Velferð og líðan barnanna.
Tækifæri til umbóta	Virðing.
Aðgerðir til umbóta	Skilgreinum virðingu og horfum á hvernig hún birtist í Lundi.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og endurmetið í sept. 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Á starfsdögum og starfsmannafundum.
Viðmið um árangur-	Í Lundi kemur fólk fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Hver einstaklingur fær góða og jákvæða upplifun þegar hann speglar sig í augum starfsfólksins og barnanna.

Leikskólabragur.	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Velferð og líðan barnanna.
Tækifæri til umbóta	Væntumþykja.
Aðgerðir til umbóta	Skilgreinum væntumþykju og horfum á hvernig hún birtist í Lundi.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hafið og endurmetið í sept. 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Á starfsdögum og starfsmannafundum.
Viðmið um árangur	Í Lundi kemur fólk fram við aðra eins og það vill að komið sé fram við það sjálft. Hver einstaklingur fær góða og jákvæða upplifun þegar hann speglar sig í augum starfsfólksins og barnanna.





5 Innra mat xxx deildar/deilda 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs)

Þær áherslur síðasta árs í Lundi sem voru að sýna biðlund og þolinmæði, virðingu og væntumþykju voru ekki nýjar af nálinni í Lundi enda eru tvær þær síðastnefndu hluti af einkunnarorðum Lundar Virðing Væntumþykja Vellíðan og Virkni. Þær voru enda ekki bara lærdómsríkar fyrir börnin í Lundi heldur líka fyrir þá fullorðnu sem þurftu heldur betur á styrkum stoðum biðlunda og þolinmæði að halda. Börn og fullorðnir lærðu að stundum er einstaklingur valdalaus í eigin lífi. Viðfangsefnir voru að vísu ólík. Börnin lærðu að það er erfitt að bíða þar til röðin kemur að þeim að leika með þetta leikfang eða hitt að það eru fleiri sem eiga að fá að leika með sama leikfangið. Þau þurfa að læra að sömu reglurnar gildi fyrir hvert og eitt þeirra. Þeim reynist erfitt að skilja af hverju, sem er eðlilegt börnum á þeirra þroskastigi, en leiðbeinendurnir útskýra hlutina og eru til staðar þegar örvæntingin hellist yfir og þau bresta í grát. Það er kannski mikilvægast af öllu að vera til staðar og hjálpa í gegnum mótlætið sem þau upplifa en skilja ekki. Það er líka mikilvægt að hlusta á það sem þau segja og sýna skoðunum þeirra virðingu. Álit, mat og ágreiningsefni kunna að vera einföld þegar þau eru börn en þau vaxa úr grasi og verið er að leggja grunn að samskiptafærni þeirra síðar á lífsleiðinni. Þá verður mikilvægt að bæði kunna og velja að hlusta á öll sjónarmið og sýna öðru fólki virðingu og viðurkenna rétt þeirra til að hafa skoðanir þótt þeir séu manni ekki sammála.

Vissulega er þroskamunur barnanna mikill og börn 1 til 2ja ára hafa ekki náð þeim þroska að geta skilið hvað um er að ræða. Þau eru fyrst og fremst að æfa sig því æfingin skapar meistarann EKKI SATT!!!

Tækifæri

Tækifæri til umbóta:

Það er mikill þroskamunur á milli barna á þessu aldursskeiði en tæpast hefur nokkuð barn á aldursbilinu nægilega færni til þess að skilja um hvað málið snýst. Hinsvegar geta þau lært að herma eftir hegðun og þar liggja tækifærin. Á komandi ári mun verða lögð áhersla á aukna sýnikennslu starfsfólks fyrir börn með áherslu á að kenna þeim hvað sé viðeigandi hegðun.





Umbótaáætlun deilda 2025-2026. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum barnahópi, börnum með stuðning, og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldri börn í samvinnu deilda

6 Umbótaáætlun 2024-2025

Deild/aldur barna	1-2ja ára börn
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Þar sem ekki gafst nægur vinnufriður á síðasta leikskólaári '24-25 til þess að vinna umbætur eins og best á væri kosið, þá var tekin sú ákvörðun að horfa áfram til sömu umbótaáætlunarinnar á næsta ári 25-'26 og vinna áfram að henni. Sjá bls. 8 – 10.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	





Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl munu fara fram í febrúar 2026. Nýttur verður viðtalsrammi fyrir einstaklingsviðtöl úr leiðbeiningum um innra mat leikskóla. Hver starfsmaður fær í hendurnar til undirbúnings fyrir samtalið:

- Spurningar til umhugsunar og samræðna er varða m.a. væntingar starfsmanna til vinnustaðarins.
- Aðalnámskrá leikskóla.
- Handbók um leiki barna í leikskólum (Sara Margrét **Ólafsdóttir** og Svava Björg Mörk)
- Námskrá Lundar,
- Námsvísi Lundar.
- Forvarnar- og öryggishandbækur Lundar.

Fræðsla leikskólaárið 2025-2026.

- Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Miðstöðvar slysavarna barna mun halda námskeið í forvörnum, slysa- og öryggismálum með sérstaka áherslu á ung börn í leikskólum.
- Fyrirlestur um innra starf í leikskólum.
- Sjá heyra og upplifa hvað aðrir skólar eru að gera.

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og: frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans. Á ekki við





8 Foreldrasamvinna

Í Námskrá Lundar er kafli sem heitir Leikskólinn og fjölskyldan, á bls. 26 til 29. Í honum er að finna nánari upplýsingar um foreldrasamvinnu.

Foreldraráð

Vegna sérstöðu Lundar sem ungþarnaleikskóla er foreldraráð ekki kjörið fyrr en að hausti.

Foreldrakjör fer fram á hverju leikskólaári.

- Þrír fulltrúar sitja í foreldraráði.
- Foreldraráð starfar skv. 11.gr.laga um leikskóla frá 2008.
- Foreldraráð setur sér starfsreglur

Foreldraviðtöl

Allir foreldrar fá:

- Tvö foreldraviðtöl á leikskólaárinu (að öðru leyti eftir óskum)
- Umsögn varðandi barn sitt á vor/sumarönn

Í Lundi hefur ætíð verið lögð áhersla á að eiga dag hvern góð samskipti við foreldra um börn þeirra og daglegt starf leikskólans.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal (sjá fylgiskjöl 9.2)

10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

-berst í okt/nóv 2025

10.2 Skipulagsdagar og Leikskóladagatal





F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2025 – 2026 **Nafn leikskóla**

Leikskólinn Lundur

Umsögn foreldraráðs





Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX

XXXXX XXXXXXXX

XXXXX XXXXXXXX

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:





Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Leikskólinn Lundur

SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST
1 M	1 M	1 L	1 M Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Starfsdagur	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M	1 M Sumarleyfi	1 L
2 Þ	2 F	2 S	2 Þ Jólápema hefst	2 F Starfsdagur	2 M	2 M	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ Foreldraviðtöl	2 F Sumarleyfi	2 S
3 M	3 F Starfsmannaf. Endurmat Skipulagsv.	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Fóstudagurinn langi	3 S	3 M Foreldraviðtöl	3 F Sumarleyfi	3 M Fridagur verslunarmanna
4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M Vinna við umsagnir barna	4 F Foreldraviðtöl	4 L	4 Þ Sumarleyfi
5 F Stjórnarfundur	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Páskadagur	5 Þ Vinna við umsagnir barna	5 F Foreldraviðtöl	5 S	5 M
6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Prettlándinn Jólápema lýkur	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M Annar í Páskum	6 M Vinna við umsagnir barna	6 L	6 M Sumarleyfi	6 F
7 S	7 Þ	7 F Starfsmannafundur Baráttudagur gegn einelti	7 S	7 M	7 L Dagur tónlistarskólans	7 L	7 Þ	7 F Vinna við umsagnir barna	7 S Stjórnadagurinn	7 Þ Sumarleyfi	7 F
8 M Dagur læsis	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F Vinna við umsagnir barna	8 M	8 M Sumarleyfi	8 L
9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ Foreldraviðtöl	9 F Sumarleyfi	9 S
10 M	10 F	10 M Stjórnarfundur	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F Starfsmannaf. Endurmat. Skipulagsvinna	10 S	10 M Foreldraviðtöl	10 F Sumarleyfi	10 M
11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M Dagur íslenska táknmálsins	11 M	11 L	11 M	11 F Foreldraviðtöl	11 L	11 Þ
12 F	12 S	12 M	12 F	12 M Fréttabréf	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F Foreldraviðtöl	12 S	12 M
13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F Stjórnarfundur	13 M Fréttabréf	13 M	13 L	13 M Sumarleyfi	13 F
14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L Dagur stærðfræðinnar	14 Þ Vor og sumarþema hefst	14 F Uppstigningardagur	14 S	14 Þ Sumarleyfi	14 F
15 M	15 M	15 L	15 M	15 F Vetrarþema hefst	15 S	15 S	15 M	15 F Stjórnarfundur	15 M	15 M Sumarleyfi	15 L
16 Þ Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 S	16 Þ Dagur íslenskrar tungu	16 F	16 M Bolludagur	16 M Starfsmannafundur	16 F	16 L	16 Þ Foreldraviðtöl	16 F Sumarleyfi	16 S
17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ Sprengidagur	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lyðveldisdagurinn	17 F Sumarleyfi	17 M
18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M Öskudagur	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ
19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F Starfsþróunarviðtöl	19 F	19 S	19 Þ	19 F Foreldraviðtöl	19 S	19 M
20 L	20 M Haustþema hefst	20 F Dagur mannréttinda	20 L	20 Þ	20 F Starfsþróunarviðtöl	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M Sumarleyfi	20 F Starfsmannafundur
21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ Sumarleyfi	21 F Stjórnarfundur
22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S Konudagur - upphaf Góu	22 S	22 M	22 F Umhverfisdagur	22 M	22 M Sumarleyfi	22 L Skólasetning grunnskóla
23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Þorláksmessa Starfsdagur	23 F Bóndadagur - Upphaf Þorra	23 M Starfsþróunarviðtöl	23 M Vetrarþema lýkur	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ Foreldraviðtöl	23 F Sumarleyfi	23 S
24 M	24 F	24 M	24 M Aðfangadagur jóla	24 L	24 Þ Starfsþróunarviðtöl	24 Þ	24 F	24 S Hvítasunnudagur	24 M Foreldraviðtöl	24 F Sumarleyfi	24 M
25 F	25 L Fyrsti vetrardagur	25 Þ	25 F Jólادagur	25 S	25 M Starfsþróunarviðtöl	25 M	25 L	25 M Annar í Hvítasunnu	25 F Foreldraviðtöl	25 L	25 Þ
26 F Evrópski tungumálad.	26 S	26 M	26 F Annar í jólum	26 M Starfsmannafundur	26 F Starfsmannafundur/endurmat	26 F	26 S	26 Þ	26 F Foreldraviðtöl	26 S	26 M
27 L	27 M	27 F Hausþema lýkur	27 L	27 Þ	27 F Stjórnarfundur	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M Sumarleyfi	27 F
28 S	28 Þ	28 F Fréttabréf	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ Sumarleyfi	28 F Vor og sumarþema lýkur
29 M Fréttabréf	29 M	29 L	29 M	29 F		29 S Pálmásunnudagur	29 M	29 F Starfsmannaf. Endurmat Skipulagsvinna.	29 M Starfsdagur	29 M Sumarleyfi	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F Stjórnarfundur		30 M	30 F	30 L	30 Þ Starfsdagur	30 F Sumarleyfi	30 S
	31 F		31 M Gamlársdagur	31 L		31 Þ		31 S		31 F Sumarleyfi	31 M Námskeiðsdagur

Starfsáætlun 2025 - 2026

Leikskólinn Lundur

Umsögn foreldraráðs

Reykjavík, 13. nóvember 2025

Foreldraráð leikskólans skipa:

Inga Harðardóttir

Gunnþórunn Jónsdóttir

Móeiður Pálsdóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starf leikskólans síðasta árs?

Foreldraráð telur að starfsáætlunin endurspegli vel áframhaldandi og markvissa vinnu í samræmi við áherslur síðasta árs. Þar má sérstaklega nefna áherslu á að sýna biðlund og þolinmæði, virðingu og væntumþykju barna, sem hafa verið lykilatriði í starfi leikskólans alla tíð. Áherslurnar eru í eðlilegu framhaldi af fyrri starfsárum, þar sem áfram er unnið markvisst að því að efla leik, sköpun, félagsfærni og sjálfstæði barnanna í hlýju og örvandi umhverfi.

Endurgjöf foreldra og reynsla starfsfólks eru einnig nýttar til að styrkja og skerpa áherslur ársins, þannig að starfsáætlunin endurspegli bæði faglegt starf og sameiginlegt samfélag leikskólans. Þannig myndast samfella, trúnaður og festa í starfi sem skilar sér í góðri reynslu fyrir börnin og fjölskyldur þeirra.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, starfsáætlunin er bæði aðgengileg og auðlesanleg. Hún er skýrlega uppsett, vel skipulögð og skrifuð á máli sem er lipurt, skiljanlegt og faglegt. Greinilegt er að mikil og vönduð vinna hefur verið lögð í gerð hennar, bæði hvað varðar innihald og framsetningu.

Áætlunin er þannig úr garði gerð að hún höfðar jafnt til foreldra, starfsfólks og annarra sem vilja kynna sér starf leikskólans. Hún veitir góða yfirsýn yfir markmið, gildi og megináherslur starfsins og sýnir með hnitmiðuðum hætti hvernig þau birtast í daglegu starfi.

Starfsáætlun 2025 - 2026

Leikskólinn Lundur

Umsögn foreldraráðs

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlunin veitir foreldrum mjög góða innsýn í starf leikskólans. Hún endurspeglar stefnu, gildi og daglegt starf á heildstæðan hátt og er mikilvægur hluti af upplýsingaflæði milli leikskólans og heimilanna. Í starfsáætluninni er lögð áhersla á að gera sýnilegt hvernig leikskólinn vinnur markvisst að vellíðan, þroska og námslegri og félagslegri færni barna.

Foreldrar fá þar aðgang að meginmarkmiðum ársins, áherslum í leik og námi, skipulagi dagsins og hvernig leikskólinn vinnur eftir Aðalnámskrá leikskóla. Áætlunin endurspeglar faglegt starf og þróun innan leikskólans, og er uppfærð reglulega til að tryggja að hún uppfylli raunverulegt starf og þarfir barnanna á hverjum tíma.

Lögð er rík áherslu á að starfsáætlunin sé ekki aðeins upplýsingarit, heldur einnig tæki til samstarfs. Með henni geta foreldrar kynnt sér vel það sem skiptir máli í leik og starfi barnanna og geta þannig átt virkt samtal við starfsfólk um markmið, áherslur og velferð barnsins. Markmiðið er að tryggja gagnsæi, traust og samvinnu milli leikskóla og foreldra – því það samstarf er lykillinn að farsælu starfi og góðri reynslu barna.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei, foreldraráð hefur engar sérstakar athugasemdir er varða starfsáætlunina. Hún er skýr, heildstæð og endurspeglar vel bæði gildi og daglegt starf leikskólans. Áætlunin byggir á einkunnarorðum leikskólans – **virðingu, væntumþykju, vellíðan og virkni** – sem móta allt starfið og veita því skýra stefnu.